

Matvælaráðuneytið  
mar@mar.is

Akureyri 29.06.2022

**Efni: umsögn Dýralæknafélags Íslands um drög að reglugerð um blóðtöku úr fylfullum hryssum nr S-105/2022**

Dýralæknafélag Íslands (DÍ) styður markmið reglugerðarinnar það er að fá betri ramma og utanumhald um búgreinina og að búgreinin skuli með þessu verða leyfisskyld.

Dýralæknafélag Íslands er með eftirfarandi athugasemdir við reglugerðina

**5. gr.**

*Virkt innra eftirlit*

*e. Mælingar hjá opinberri rannsóknastofu á blóðrauða og blóðkornahlutfalli á marktæku hlutfalli hryssnanna á hverju ári.*

DÍ telur óásættanlegt að framangreindar rannsóknir verði hluti af innra eftirliti Ísteka og/eða verði greiddar af fyrirtækinu. Félagið kallaði mjög ákveðið eftir óháðri rannsókn þar sem niðurstöðurnar verði ritrýndar og birtar.

Auk þess vill DÍ leggja áherslu á að mælingar á blóðhag gætu komið mjög að gagni til viðbótar við blóðrauða og blóðkornahlutfall, til að meta hvaða áhrif blóðtakan hafi á líkamlegt heilbrigði dýranna. DÍ telur það algjöran grundvöll til að ná betri sátt um búgreinina að á þessum þremur árum sem reglugerðin hefur gildi skuli vera hægt að færa rök fyrir á vísindalegan óyggjandi hátt að blóðtakan gangi ekki of nærri hryssunum. Það er mat DÍ að sú sátt muni aldrei nást ef hagsmunaaðilar borgi rannsóknir og séu eigendur gagnanna sem rannsóknin skilar.

**8. gr.**

*e) Aldrei má taka meira en 5 lítra af blóði vikulega úr hryssu og að hámarki 6 vikur ár hvert.*

DÍ leggur á það áherslu að nauðsynlegt sé að byggja ákvarðanir varðandi heildarblóðmagn og hámarksfjölda blóðtöku ár hvert á vísindalegri þekkingu. DÍ bendir á að nú þegar hefur mikil þekking og reynsla orðið til héraendis um heilsufar og velferð þessara hryssa, byggð á því verklagi sem hefur tíðkast. Því til stuðnings er bent á gögn Matvælastofnunar um háan meðalaldur hryssa og hátt fyljunarhlutfall svo og lítil afföll og slys.

Niðurstöður ritrýndra, birtra rannsókna óháðra aðila munu verða lykilþáttur í ákvarðanatöku um magn blóðs og fjölda blóðtaka hryssa sem notaðar eru í þessum tilgangi. DÍ bendir á að rannsóknir muni byggja á verklagi nýrrar reglugerðar sem beitir sér fyrir 6 skiptum að hámarki í blóðtöku. Það er breytt vinnulag frá 7-8 skiptum sem hafa tíðkast. DÍ getur ekki sagt fyrir um það hvaða áhrif það gæti haft á búgreinina til frambúðar.

Virðingafyllst fyrir hönd Dýralæknafélags Íslands

Bára Eyfjörð Heimisdóttir, formaður